

VORVINDAR GLAÐIR

Í HOFI

5. maí 2019

kl. 16:00



Efnisskrá

Verkin þrjú sem leikin verða, kynna breitt tónmál blásarakvintettsins, frá tónskáldum af ólíkum uppruna, samin á árunum 1922-1955.

HLÉ

Paul Hindemith: Kleine Kammermusik für Bläser op.24 nr.2

Húmorinn, sem er tYPískur í skrifum Hindemiths á þriðja áratug 20.aldar, skín í gegn í þessu verki, ásamt því að vera snilldarlega og virtuósískt skrifað fyrir þennan litla hlóðfærahóp.

1. Lustig
2. Walzer
3. Ruhig und Einfach
4. Schnelle Viertel -frei
5. Sehr Lebhaft

György Ligeti: Six Bagatelles

Musica ricercata er ellefu kafla verk fyrir pianó, eftir György Ligeti. Verkið var samið frá 1951 til 1953, stuttu eftir að tónskáldið hóf kennslu við Búdapest tónlistarháskólann. Það gefur til kynna leit Ligetis að sínum eigin tónsmíðastil, og er það mjög markandi fyrir þann hátt sem einkenndu tónsmíðar hans síðar á ferlinum.

Blásarakvintettinn Jeney Quintet - starfandi í Búdapest, fór þess á leit við Ligeti árið 1953, að umskrifa sex þætti af þessum ellefu fyrir sig. Þeir eru (af þeim ellefu upprunalegu) númer III, V, VII, VIII, IX, X.

1. Allegro con spirito
2. Rubato. Lamentoso
3. Allegro grazioso
4. Presto ruvido
5. Adagio. Mesto
6. Molto vivace. Capriccioso

Carl Nielsen: Blásarakvintett op.43

Eitt mest spilaða verk eftir danska tónskáldið Carl Nielsen.

Breski tónlistarfræðingurinn Robert Simpson sagði eftirfarandi um verkið: „Það er algjör góðgætt blásarakvintett Niensens á næmasti og vandaðasti sem nokkru sinni hefur verið saminn, að flautukonsertinn er sá besti sem til er og að klarinettukonsertinn er sá fallegasti síðan Mozart skrifaði sinn. Þetta eru engar ýkjur. Það má teljast undarlegt að Nielsen, sem var fiðluleikari (þó hann hafi spilað á kornett í æsku) skrifaði oft með meiri skilningi fyrir blásturshljóðfæri en fyrir strengi.

Nielsen sýnir ótrúlegt hugmyndaflug og hugvitssemi í framköllun á þeim fjölbreytileika í hljómi og blöndun í blásarakvintettinum sem raun ber vitni: fáir myndu láta sér detta í hug,

eftir hlustun, að ein mesta áskorun við að skrifa fyrir kvintett er sú staðreynd að þessi fimm hljóðfæri blandast ekki“.

1. Allegro ben moderato
2. Menuet
3. Praeludium
4. Tema con Variazioni

Hildur Þórðardóttir

Þverflauta

Hildur Þórðardóttir, þverflautuleikari, er fædd í Neskaupstað og hóf nám í flautuleik við Tónskólann þar, sjö ára gömul. Síðan lá leiðin í Tónlistarskóla Reykjavíkur og lauk hún þaðan einleikaraprófi árið 1992. Eftir það fór hún í framhaldsnám til Frakklands þar sem hún stundaði nám við Conservatoire de Versailles og Conservatoire Marcel Dupre. Jafnframt náminu stundaði hún flautukennslu, lengst af við Association Sainte-Agnes í París. Við heimkomuna til Íslands, 2001, réðst Hildur til starfa við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og Tónlistarskóla Grindavíkur, en frá og með 2002 til 2008 kenndi hún við Tónlistarskólann í Hafnarfirði. Hildur er nú kennari við Tónskólann í Neskaupstað og einnig meðlimur í kammersveitinni Stelkur sem sérhæfir sig í flutningi á íslenskri samtímatónlist.

Gillian Haworth

Óbó

Gillian Haworth, óbóleikari, er ensk að uppruna og stundaði nám við Dartington College of Arts í Devon.

Árið 1986 að loknu BA-námi í tónlist flutti hún til Reyðarfjarðar þar sem hún er skólastjóri tónlistarskólans, blásara-kennari og organisti og kórstjóri við Reyðarfjarðarkirkju.

Gillian er óbóleikari með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, spilar með austfirsku tónlistarhópnum „Stelkur“ og er lausráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Ármann Helgason

Klarinett

Ármann Helgason, klarinettuleikari, hefur átt fjölbreyttan feril sem einleikari, kammermúsikant og hljómsveitarspilari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku Óperunni, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, kammerhópnum Camerartica og ýmsum öðrum hópum, m.a. Caput, Hnúkapey og færeyska kammerhópnum Aldubáran. Ármann stundaði nám í klarinettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og í London og París. Ármann hefur verið valinn bæjarlistamaður Garðabæjar og hlaut Tónvakaverðlaun Ríkisútvarpsins árið 1995 og kom þá fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess sem hann hefur oftsinnis hlotið starfslaun listamanna til þess að sinna ýmsum tónlistarverkefnum. Ármann sinnir einnig uppeldislegum skyldum og er deildarstjóri blásaradeildar við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stýrir einnig kammertónlist og nýstofnaðrisinfóníuhljómsveitskólans auk þess að kenna við Listaháskóla Íslands.

Dagbjört Ingólfssdóttir

Fagott

Dagbjört Ingólfssdóttir, fagottleikari, er Akureyringur sem nam við Tónlistarháskólann í Osló og lauk þaðan mastersgráðu í fagottleik og kammermúsík vorið 1997. Eftir að hafa unnið fyrir sér sem fagottleikari í lausamennsku í Noregi í þrjú ár settist hún aftur á skólabekk og útskrifaðist vorið 2000 frá sömu stofnun sem fagottkennari og tónmenntakennari. Dagbjört hefur starfað með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands frá stofnun sveitarinnar, tekið þátt í ýmsum kammerverkefnum og kennt um tíma við Tónlistarskólann á Akureyri.

Ella Vala Ármannsdóttir

Horn

Ella Vala Ármannsdóttir, hornleikari, er fædd í Svarfaðardal. Hún stundaði hornnám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan blásara-kennara- og einleikaraprófi. Síðar hélt Ella Vala áfram námi við Musikhochschule Freiburg im Breisgau, Þýskalandi. Í kjölfarið lauk hún framhaldsnámi í Schola Cantorum Basiliensis í Basel, Sviss við náttúruhornleik. Ella Vala er aukamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, hefur leikið með hljómsveit íslensku óperunnar og er meðlimur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Á náttúruhornið hefur hún leikið og tekið upp fjölda geisla- og mynddíska vítt og breytt um Evrópu.

Ella Vala er síðan 2013 fastráðin sem málmblasturskennari við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskólann á Tröllaskaga.

Kvintettinn Norð-Austan 5-6 var stofnaður árið 2016, með það að markmiði að sameina hljóðfæraleikara sem búa við fámenni í tónlistarlífinu í sínu byggðalagi og hafa ekki oft tækifæri til að spila góða kammertónlist.

Kvintettinn samanstendur af konum, búsettum á Egilsstöðum, Neskaupstað, Reyðarfirði, Akureyri og í Svarfaðardal.

Á þessum tónleikum hleypur Ármann Helgason klarinettuleikari í skarðið fyrir Berglindi Halldórsdóttur.

HLJÓMLEIKABIÓ Í HOFI OG Í HÖRPU Í HAUST

Hof 22. september

Harpa 29. september

Miðasala á mak.is

LÓI – ÞÚ FLÝGUR ALDREI EINN

MEÐ LIFANDI UNDIRLEIK SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR NORDURLANDS

UNDIR STJÓRN TÓNSKÁLDSINS ATLA ÖRVARSSONAR

Miðasala í Hofi opin alla virka daga kl. 12-18 og á mak.is

MAK

MENNINGARFÉLAG
AKUREYRAR